

Skipulagsskrá.

1. grein

Sjóðurinn ber nafnið Námssjóður Sigríðar Jónsdóttur. Heimili hans og varnarþing eru í Reykjavík.

2. grein

Stofnfé sjóðsins er 6.5 milljónir króna sem er söluandvirði íbúðar Sigríðar Jónsdóttur að Melhaga 6 í Reykjavík, sem hún arfleiddi Öryrkjabandalag Íslands að með erfðaskrá, dagsettri 17. september 1980. Stjórn sjóðsins er ávallt skylt að ávaxta fjármuni hans með hagkvæmasta hætti. Til úthlutunar styrkja má eingöngu verja vaxtatekjum sjóðsins, öllum eða að hluta. Höfuðstóllinn skal ávallt standa óskertur. Heimilt er að efla sjóðinn með minningargjöfum og frjálsum framlögum.

3. grein

Námssjóður Sigríðar Jónsdóttur er eign Öryrkjabandalags Íslands.

4. grein

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til öryrkja til hagnýts náms, verklegs eða bóklegs, svo og til náms í hvers konar listgreinum. Einnig er heimilt að styrkja þá sem vilja sérhæfa sig til starfa í þágu þroskaheftra.

Styrkir sjóðsins skulu að jafnaði vera óafturkræfir en stjórn sjóðsins er þó heimilt að setja skilyrði fyrir veitingu þeirra.

5. grein

Fyrstu stjórn sjóðsins skipa þrjú menn til þriggja ára. Öryrkjabandalag Íslands tilnefnir tvo fulltrúa og félagsmálaráðherra einn. Stjórnin skiptir með sjálf með sér verkum. Að þeim tíma loknum skipar stjórn Öryrkjabandalags Íslands stjórn sjóðsins til jafnlangs tíma.

6. grein

Stjórnin fer með málefni sjóðsins og tekur ákvarðanir um úthlutanir úr honum. Stjórnin skal halda gerðabók um alla starfsemi sjóðsins.

7. grein

Úthluta skal úr sjóðnum einu sinni á ári. Miða skal við að úthlutun fari fram 11. júní, sem er fæðingardagur Sigríðar Jónsdóttur. Í fyrsta skipti skal úthluta 1995 og er þá heimilt að úthluta öllum eignfærðum vöxtum.

8. grein

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu birtir með reikningum Öryrkjabandalags Íslands og stofnana þess. Endurskoðendur Öryrkjabandalags Íslands skulu yfirfara og árita reikninga sjóðsins ásamt stjórn og löggiltum endurskoðanda.

10. grein

Stjórn sjóðsins má einungis breyta skipulagsskrá þessari að fengnu samþykki stjórnar Öryrkjabandalags Íslands.

Verði sjóðurinn lagður niður renna fjármunir hans til Öryrkjabandalags Íslands.

11. grein

Dómsmálaráðuneytið skal staðfesta skipulagsskrá þessa.

Skipulagsskrá þessa staðfestir hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

15. júní 1993

F.h.r.

Þorsteinn Geirsson/Margrét Hauksdóttir.